

Kennsluáætlun skólaárið 2019-2020

Lífsleikni í 10. bekk

Í lífsleikni er 1 kennslustund á viku í 10. bekk. Kennari er Tinna Hrönn Smáradóttir.

Vinnulag

Í kennslustundum í lífsleikni er lögð áhersla á að samræður um viðfangsefni hvers tíma, að nemendur séu virkir í að koma skoðunum sínum á framfæri og virða skoðanir annarra, einnig virkni nemenda í annars konar verkefnum í kennslustundum, svo sem hópeflisleikjum. Náms efnið er úr ýmsum áttum t.d. Lagt í vörðuna, geðrækt og ýmis málefni líðandi stundar.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Hugarheimur Að nemandi læri að þekkja sjálfan sig, eigin styrkleika og veikleika, læri að setja sér markmið, viti hvert hann stefnir í lífinu og áttar sig á því að hann sjálfur ber ábyrgð á eigin árangri.		Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none"> • Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund • Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum • Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar • Gert sér grein fyrir því að hver og einn ber ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði • Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða 	

		<ul style="list-style-type: none"> • Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf • Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk • Sett sér markmið og framtíðaráætlun til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. 	
<p>Félagsheimur</p> <p>Að nemandi þekki mannréttindi og jafnrétti og beri virðingu fyrir öllu fólki, sama hvaðan það kemur.</p>		<p>Nemandi getur ...</p> <ul style="list-style-type: none"> • Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra • Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi • Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. 	

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Tinna Hrönn Smáradóttir